



Stefna Rannís til 2025




Rannsóknir

Ávarp

Starfssvið Rannís tekur til rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningarmála. Umsýsla sjóða og alþjóðlegt samstarf eru lykilþættir í starfinu, auk greiningar og miðlunar.

Mótun stefnunnar var unnin í nánu samstarfi við starfsmenn Rannís. Haldnir voru greiningar- og stefnumótunarfundir, auk þess sem starfsmenn komu að lokafrágangi stefnunnar. Tekin voru viðtöl við fulltrúa ytri aðila sem Rannís á náið samstarf við, svo sem úr háskólasamfélaginu, ráðuneytum, stofnunum, fyrirtækjum og hagsmunasamtökum. Gerð var netkönnun meðal hagaðila þar sem spurt var um mikilvægustu viðfangsefni í dag og í framtíðinni.

Leitast hefur verið við að taka saman þau sjónarmið sem líklegt er að skipti Rannís máli til framtíðar til að þjóna íslensku samfélagi. Samfélag sem breytist ört, gerir kröfu um markvissa stefnumörkun í málaflokkum sem fengist er við. Þess er vænst að stefnan stuðli að öflugra og markvissara starfi stofnunarinnar.


Hallgrímur Jónasson,
forstöðumaður Rannís

Framtíðarsýn

*Rannís örvar
rannsóknir, nýsköpun,
menntun og menningu*

Nýsköpun

Hlutverk Rannís

Rannís treystir stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.

Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum.

Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

Gildi →

ÁHRIF

Við höfum áhrif til góðs í samfélaginu með því að styðja við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu.

FAGMENNSKA

Við byggjum starfsemi okkar á þekkingu og faglegri umsýslu.

SAMSTARF

Við vinnum öll saman að því að tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu. Í samstarfi okkar sýnum við virðingu, erum jákvæð og lausnamiðuð.

Rannís í hnotskurn árið 2018



19
innlendir
samkeppnissjóðir



5
erlendar
samstarfsáætlanir



4.200
umsóknir



2.000
verkefnastyrkir



10.000
einstaklingar
sem njóta góðs
af starfinu



12 - 13
milljarða króna
stuðningur



Öflug
upplýsingamiðlun
og stuðningur við
stefnumótun



50
starfsmenn á
fjórum sviðum



Uttara
HOT
okra & nicotina

Menntun

Stefnur og straumar

Tækniframfarir og samfélagslegar áskoranir

Gervigreind, sjálfvirknivæðing og stafrænir ferlar eru meðal þess sem fjórða iðnbyltingin ber í skauti sér og felur í sér ný tækifæri og nýjar áskoranir. Samfélagslegar áskoranir eins og loftslagsmál og að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru verkefni sem þarf að takast á við. Til þess að efla þjónustu Rannís við viðskiptavinum á komandi árum felast áskoranir stofnunarinnar einkum í því að hagnýta sér þá möguleika sem tækniframfarir samtímans bjóða upp á.

Erlent samstarf

Nýjar Evrópuáætlanir árið 2021 leiða til breytinga sem fela í sér tækifæri fyrir Íslendinga alla. Norrænt og evrópskt samstarf verður áfram hryggjarstykkið í alþjóðlegu starfi Rannís auk þess sem tækniframfarir og aukin hnattvæðing bjóða upp á sterkari tengsl við fjarlægari þjóðir.

Samkeppnishæfni

Rannsóknir, nýsköpun, menning og menntun eru afgerandi forsendur hagvaxtar og samfélagsumbóta. Rannís sýslar með mikilvæg tæki stjórnvalda, samkeppnissjóði og alþjóðlegar áætlanir, sem hafa mikil áhrif á þróun samkeppnishæfni Íslands. Náíð samstarf við stefnumarkandi aðila er því mikilvægt. Stofnunin þarf stöðugt að fylgjast með þróun mála og leitast við að vanda ávallt til verka við val og framkvæmd verkefna auk þess að stuðla að faglegri greiningu á umhverfinu.



Stefnumarkandi áherslur

Samfélagsleg áhrif


Starfshættir

Mannauður

Alþjóðastarf

Ímynd

Menning



Samfélagsleg áhrif

Samfélagslegar breytingar eru framundan sem eiga rót sína að rekja til tækniþróunar, viðhorfa nýrra kynslóða og alþjóðavæðingar á öllum sviðum. Starfsfólk Rannís býr yfir sérþekkingu sem nýtist til að örva umræðu og ákvarðanatöku í íslensku samfélagi.

Stefna

Jákvæð samfélagsleg áhrif séu leiðarstef í starfsemi Rannís. Áhrif starfsemi Rannís á framþróun í atvinnulífi, menntamálum, listum og menningu séu mælanleg og eflandi þekkingu á þessum sviðum.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR:

1. Samkeppnishæfni íslensks samfélags styrkist

- Markvisst verði komið að alþjóðlegum verkefnum sem stuðla að eflingu rannsókna, nýsköpunar og menntunar hérlandis.

2. Rannís styðji við mikilvægar og vaxandi atvinnugreinar og áskoranir í samfélaginu

- Sérþækt þjónustuframboð Rannís verði aukið.

3. Rannís verði virkur aðili í stefnumótun á málefnasviðum stofnunarinnar


- Rannís eigi frumkvæði að samtali við stjórnvöld og hagaðila um nýsköpun, menntun, menningu og rannsóknir.

4. Rannís verði til fyrirmyndar í nýsköpun í opinberri stjórnsýslu

- Rannís móti eigin stefnu þar sem meðal annars starfshættir, ferlar og umsýsla eru tekin fyrir og nýir starfshættir innleiddir.

5. Áhrif af starfsemi Rannís á samfélagið séu mælanleg

- Settir verði upp samræmdir árangursmælikvarðar fyrir sjóði og áætlanir á vegum Rannís.
- Komið verði á fót miðlægum upplýsingagrunni.



Starfshættir

Starfsemi Rannís þarf ætíð að byggjast á fagmennsku og ekki síður nútímalegum vinnubrögðum í takt við kröfur samfélagsins á hverjum tíma.

Stefna

Rannís sé framúrskarandi stofnun og þekkt fyrir skilvirkni og gagnsæi í verklagi. Þjónustustig milli sviða stofnunarinnar sé samræmt og unnið eftir þjónustustefnu til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR:

- 1. Verklag og þjónustustig Rannís verði samræmt milli sviða og taki mið af kröfum nútímans**
 - Mótuð verði framsækin þjónustustefna þvert á svið Rannís sem setji mælanleg viðmið um þjónustu og skilvirkni. Stefnunni verði fylgt eftir með reglulegum úttektum.
- 2. Rannís eflist sem miðstöð samkeppnissjóða**
 - Vakin verði athygli á hagkvæmni faglegrar umsýslu og umgjarðar Rannís.
- 3. Tækni- og hugbúnaður verði nýttur í auknum mæli til þess að hraða úrvinnslu umsókna og umsýslu verkefna**
 - Úrvinnsla gagna verði samræmd þvert á sjóði og sjálfvirk tölfræðiúrvinnsla eflð.
 - Umsókna- og umsýslukerfi Rannís verði eftl og tenging milli kerfa Rannís verði gerð skilvirkari með rafrænum skilum og góðu verklagi.
- 4. Verkferlar Rannís verði ætíð skilvirkir og í fremstu röð**
 - Öllum erindum sé svarað innan tiltekins tíma.
 - Tenging verði milli skjalavistunar og umsóknarkerfis.
 - Úrvinnslutími frá umsóknum til úthlutunar verði lágmarkaður.



Mannauður

Hjá Rannís starfa að staðaldri um 50 starfsmenn og til staðar er samþykkt mannauðsstefna og jafnréttisáætlun.

Stefna

Rannís verði eftirsóttur vinnustaður og hafi á að skipa skapandi og þróttmiklu starfsfólki. Starfsfólk Rannís búi yfir sérþekkingu, hvert á sínu sviði og veiti góða þjónustu.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR:

- 1. Innan Rannís sé yfirgripsmikil þekking á umsýslu þeirra málaflokka sem unnið er með hverju sinni**
 - Með ráðningum sé tryggt að nauðsynleg þekking sé til staðar til að þjóna ólíkum þörfum viðskiptavina.
 - Starfsþróunarstefna Rannís sé uppfærð reglulega út frá breytingum í umhverfi og þeirri þjónustu sem samfélagið kallar eftir.
- 2. Hjá Rannís sé virk innri upplýsingagjöf**
 - Upplýsingum sé komið tímanlega á framfæri við starfsmenn eftir þeim leiðum sem best henta hverju sinni.
 - Innra upplýsingakerfi verði eflt.
- 3. Aukinn sveigjanleiki í starfi eflir starfsánægju**
 - Starfsfólki verði gefið færi á sveigjanleika í vinnutilhögun.
 - Teymisvinna og hreyfanleiki starfsfólks milli sviða stuðli að starfsánægju.
 - Starfsfólk verði hvatt til að taka frumkvæði í starfi með aukinni valdeflingu.
- 4. Rannís sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og jöfn tækifæri séu virt**
 - Gætt sé að jafnréttissjónarmiðum í allri stefnumótun og áætlanagerð Rannís.
 - Við ráðningar skal tekið mið af jafnréttisáætlun.
 - Starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
- 5. Rannís verði framúrskarandi stofnun**
 - Verklag, aðbúnaður og vinnutæki sé eins og best verður á kosið.
 - Starfsfólk hafi tækifæri til að fylgjast með og tileinka sér ný viðhorf og nýja þekkingu.



Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er einn af hornsteinum starfsemi Rannís og er lykilþáttur í starfi stofnunarinnar. Hlutverk Rannís er að aðstoða íslenska aðila við að nýta fjölbreytt og vaxandi tækifæri í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar.

Stefna

Rannís taki virkan þátt í öflugum alþjóðlegu samstarfi. Stofnunin hvetji íslenskar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga til þátttöku með því að koma sívaxandi tækifærum á framfæri og sýni fram á árangur alþjóðlegs samstarfs.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR:

- 1. Lögð verði áhersla á að tryggja áframhaldandi virka þátttöku í evrópsku samstarfi**
 - Upplýsingagjöf og gæðaþjónusta við innlenda hagaðila verði eflað.
 - Rannís taki virkan þátt í alþjóðlegum tengslanetum til að ýta undir frekari samstarfstækifæri.
 - Árangur Íslands í alþjóðastarfi verði gerður sýnilegur með því að halda upplýsingum og tölfræði til haga og miðla á viðeigandi hátt.
- 2. Alþjóðlegum samfjármögnunarverkefnum verði forgangsraðað**
 - Árangur og skilvirkni alþjóðlegra verkefna, sem krefjast samfjármögnunar, verði metin og þátttöku í þeim forgangsraðað út frá íslenskum hagsmunum.
- 3. Stefnit verði að því að víkka út samstarfsmöguleika í alþjóðlegu samstarfi**
 - Áhersla verði á áframhaldandi árangursríkt norrænt samstarf og verkefni tengd norðurslóðum.
 - Rannís hafi frumkvæði að því að virkja samstarf við innlenda og erlenda aðila vegna samskipta og tækifæra á nýjum svæðum.
 - Rannís leitist eftir að taka þátt í alþjóðaverkefnum sem tengjast nýjum viðfangsefnum og áskorunum.



Ímynd

Ímynd Rannís í íslensku samfélagi er góð en þörf er á að koma á framfæri hve víðtækt hlutverk Rannís er orðið í dag.

Stefna

Rannís hafi skýra, jákvæða og sterka ímynd meðal almennings, stjórnvalda og viðskiptavina stofnunarinnar.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR:

- 1. Kynningarstarf verði aukið og byggð upp virk almannatengsl**
 - Stöðugt verði leitað bestu leiða til að miðla upplýsingum um starfsemi Rannís.
- 2. Miðlun**
 - Starfsmenn verði hvattir til þess að koma á framfæri fréttum sem birtar verða á helstu miðlum eftir því sem hentar best hverju sinni.
- 3. Skerpt verði á ímynd Rannís**
 - Gerðar verði kannanir til að greina þekkingu markaðarins og hagaðilla á þjónustu og ímynd Rannís.
 - Mótuð verði ímyndarstefna Rannís.
- 4. Fjölmiðlar leiti í vaxandi mæli til Rannís vegna sérþekkingar á ákveðnum málaflokkum**
 - Starfsmenn Rannís leitist við að koma málefnum stofnunarinnar á framfæri í fjölmiðlum og sýni frumkvæði í að miðla áhugaverðu efni.
- 5. Mótuð verði markaðsstefna fyrir alþjóðastarf, áætlanir og sjóði í umsjón Rannís**
 - Skipaður verði hópur sem heldur utan um mótun og framkvæmd markaðsstefnu.

Stefna í síbreytilegu umhverfi

Stefna þessi gildir til ársins 2025. Stefnumótun Rannís þarf að vera síkvik og lifandi vegna þeirra öru breytinga sem móta starfsumhverfi Rannís.

Árangur stefnumótunar næst með eftirfylgni þeirra markmiða sem sett eru í stefnunni. Því er mikilvægt að endurskoða hana reglulega til að geta bætt í eða breytt eftir því sem árangur hefur náðst og eins ef umhverfið kallar á breytingar.



Rannís - Rannsóknamiðstöð Íslands

Borgartún 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

